



# ÁRSSKÝRSLA ÍÞRÓTTAFÉLAGSINS VESTRA 2023





## EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	3
HJÓLREIÐADEILD	8
KÖRFUKNATTLLEIKSDEILD	11
KNATTSPYRNUDEILD	18
BLAKDEILD	24
GILDI OG STEFNUR	30
ÁRSREIKNINGUR	38



# Ávarp formanns Íþróttafélagsins Vestra

## KÆRA VESTRAFÓLK

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 24. apríl 2023. Á þeim fundi urðu þær breytingar á stjórn að Hjalti Karlsson og Jón Lind Kristjánsdóttir fóru úr stjórn en í þeirra stað komu Þóra Marý Arnórsdóttir og Heiðrún Tryggvadóttir, áður varamaður. Jónas Gunnlaugsson gaf ekki kost á sér áfram sem varamaður og í stað hans og Heiðrúnar komu Sigurður A. Jónsson og Marzellíus Sveinbjörnsson. Aðrir stjórnarmenn eru Guðfinna Hreiðarsdóttir formaður, Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason, Heba Dís Þrastardóttir og Hlynur Reynisson. Aðalstjórn fundaði einu sinni á árinu auk þess sem haldinn var einn formannafundur. Þar fyrir utan eru samskipti á facebook-síðu aðalstjórnar þar sem ýmis tilfallandi mál eru tekin fyrir. Á facebook er einnig síðan Vestri-Samráðsvettvangur sem stjórnar- og trúnaðarmenn deilda félagsins hafa aðgang að. Þar eru sett inn erindi sem berast frá Ísafjarðarbæ, HSV, ÍSÍ og fleiri aðilum. Vestri átti níu þingfulltrúa á héraðsþingi HSV sem haldið var 24. maí 2023. Mættu þeir allir ásamt nokkrum varamönum. Formaður aðalstjórnar sat auk þess formannafundi HSV ásamt formönum deilda félagsins.

## STARFSEMI FÉLAGSINS

Mikil og góð starfsemi hefur verið hjá öllum deildum félagsins og árangur eftir því í keppnum á landsvísu. Vestri átti fjölmarga iökendur í yngri landsliðum og úrtakshópum, sem er alltaf góður mælikvarði á gæði þess starfs sem deildirnar bjóða upp á.

Meistaraflokkar karla í blaki spilaði í úrvalsdeild og komst þar í fjögurra liða úrslit en lék einnig til úrslita í Kjörísbikarnum þar sem liðið tapaði fyrir Hamri. Það hlýtur að teljast góður árangur að vera í toppbaráttunni í bæði Íslandsmóti og bikarmóti. Í körfunni var það 2. deildin hjá meistaraflokki karla og eftir tíðindalausan fyrri vetur þá var stefnan sett á sæti í 1. deild á næsta tímabili. Gekk það að

vonus og er liðið í efsta sæti 2. deildar þegar þetta er skrifað. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilaði í 1. deild, Lengjudeildinni, þar sem liðið náði að tryggja sér sæti í Bestu deildinni, efstu deild karla, eftir sigur á Aftureldingu í framlengdum úrslitaleik sem fram fór á Laugardalsvelli í lok september. Þessi árangur vakti verðskuldaða athygli, ekki síst í ljósi þess að innan knattspyrnunnar á Íslandi hafa lítil landsbyggðarlið sjaldnast bolmagn til að ná svona langt. Knattspyrnulið héðan var síðast í efstu deild árið 1983, þá undir merki ÍBÍ, þannig að ekki er alveg um daglegan viðburð að ræða.

Aðeins var starfræktur einn meistaraflokkur kvenna innan félagsins, hjá blakdeildinni sem teftldi fram b-liði kvenna í fjórðu deild Íslandsmótsins. Sæti meistaraflokks karla í Bestu deildinni í knattspyrnu hafði þau ánægjulegu áhrif að stofnaður var meistaraflokkur kvenna innan knattspyrnudeildarinnar sem vonandi verður til þess að hvetja og auka áhuga stúlkna á íþróttinni. Það er alltaf dapurlegt þegar ungar og efnilegir iðkendur burfa að flytja burt eða hætta að stunda sína íþrótt vegna þess að ekkert er í boði þegar þau koma upp úr yngri flokkunum. Tilvist meistaraflokka tryggir að þau hafa eitthvað að stefna á og fyrirmyn dir sem þau geta horft til.

Hjá hjólreiðadeild Vestra er öflugt starf sem er um margt ólíkt því sem gerist hjá öðrum deildum félagsins. Fyrir utan það að vera íþróttagrein sem er líkamlega og tæknilega krefjandi þá vinnur deildin mikil brautryðjendastarf í orðsins fyllstu merkingu. Búið er að leggja hjólaleiðir upp um fjöll og firnindi, auðveldar jafnt sem erfiðar, af slíkum krafti og metnaði að athygli hefur vakið á landsvísu. Ennfremur hefur verið lögð mikil vinna í að kortleggja þessar leiðir og hafa upplýsingar um þær aðgengilegar. Kynningarefni sem unnið hefur verið í tengslum við þessa vinnu er einfaldlega frábært og á erindi við þessa vinnu er einfaldlega frábært og



Fjölgun varð í Vestrafjölskyldunni á síðasta ári þegar lyftingadeild var stofnuð innan félagsins. Undanfarin ár hefur nokkrum sinnum verið rætt um stofnun slíkrar deildar í kjölfar fyrirspurna en ekkert gerst þar sem ekki var nógu stór hópur til að standa að stofnun deilda. Á starfssvæði Vestra var hins vegar einstaklingur að æfa og keppa í Ólympískum lyftingum en undir merkjum félags í Reykjavík þar sem ekkert slíkt félag var starfandi hér fyrir vestan. Vildi viðkomandi einstaklingur helst keppa undir merki Vestra og að höfðu samráði við Lyftingasamband Íslands var lyftingadeild stofnuð innan félagsins síðastliðið haust. Er hún aðili að Lyftingasambandi Íslands og félagar hafa rétt til þátttöku í Íslandsmótum og öðrum viðurkenndum mótmum innanlands og utan. Fer aðalstjórn Vestra með stjórn lyftingadeildarinnar þar til fjölgæð hefur

nog til að hægt sé að skipa henni stjórn og setja reglugerð.

Um starfsemi deilda félagsins að öðru leyti er vísað í starfsskýrslur þeirra fyrir árið 2023.

## REKSTUR OG FJÁRHAGUR

Heilt yfir er fjárhagur félagsins nokkuð góður. Veltan er yfir 200 m.kr. og launakostnaður um helmingur þeirrar upphæðar sem gerir félagið að nokkuð stórum atvinnurekanda á svæðinu. Það segir sig hins vegar sjálft að menn þurfa stöðugt að vera á tánum þegar kemur að því að halda sér réttu megin við nállið, í svona félagsstarfi er reksturinn alltaf dálítið fljótandi þar sem tekjurnar eru ákveðinn X faktor. Góður árangur meistaraflokks karla í knattspyrnu



kostaði sitt og niðurstaðan þar nokkur minus eftir tímabilið. Því miður er hluti tapsins tilkominn vegna aðstöðuleysis hér heima þar sem nokkra heimaleiki þurfti að spila annars staðar vegna lélegs ástands vallarins á Torfnesi. Í þeim tilfellum sitja menn ekki aðeins uppi með ófyrirséðan ferða- og gistikostnað, heldur þarf líka að greiða leigu fyrir afnot af völlum og aðstöðu.

Tap er á rekstri aðalstjórnar árið 2023 sem aðallega má rekja til kostnaðar við Sportabler annars vegar og bókhaldskostnaðar hins vegar. Á síðasta ári var smá tap af sömu ástæðu og þá rætt um að svo gæti farið að nýta þyrfti hluta lottótekna til að standa straum af kostnaði við umrædda útgjaldaliði. Þar sem aðalstjórn hefur takmarkaða tekjupósta mun hún óska eftir heimild aðalfundar til að nýta hluta lottótekna til að greiða fyrir Sportabler og til að greiða bókhaldskostnað, ef þörf krefur.

## BREYTINGAR INNAN HSV

Á árinu 2023 fór fram umræða innan íþróttahreyfingarinnar á svæðinu um hlutverk, verkefni og stefnu HSV til framtíðar. Þegar gengið var frá nýjum samstarfssamningi á milli HSV og Ísafjarðarbæjar í lok árs 2023 voru gerðar umtalsverðar breytingar frá fyrri samningum og í raun horfið tvo áratugi aftur í tímann, þ.e. fyrir

2003 þegar fyrsti samstarfssamningurinn var undirritaður og HSV tryggt fjármagn til að ráða framkvæmdastjóra og reka skrifstofu. Með nýjum samstarfssamningi flyttast stór verkefni frá HSV til Ísafjarðarbæjar ásamt meðfylgjandi fjármunum, íþróttaskólinn þar stærsta verkefnið. Í kjölfarið var skrifstofu HSV lokað og framkvæmdastjóra sagt upp störfum. Stjórn HSV sinnir þeim verkefnum sem eftir eru, s.s. úthlutun lottótekna og styrkveitingar úr sjóðum. Í ársbyrjun 2024 auglýsti Ísafjarðarbær starf íþróttu- og æskulýðsfulltrúa og var Dagný Finnbjörnsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri HSV, ráðin til starfa frá og með 1. febrúar 2024.

## ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Vorið 2023 tóku bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar ákvörðun um að leggja nýtt gervigras á aðalvöllinn og æfingavölliinn á íþróttasvæðinu á Torfnesi. Jafnframt að láta hanna undirstöður og lagnaleiðir fyrir ljósamöstur við aðalvöll. Lokið var við að leggja gervigrasið á æfingavölliinn í enda september en vegna veðurs hefur ekki verið hægt að klára frágang. Framkvæmdir við aðalvöllinn standa yfir en ganga hægt vegna veðurs. Er beðið eftir að frost fari úr jörðu svo hægt sé að halda áfram með verkið sem átti að vera lokið fyrir sumarið en óhagstætt veðurfar er líklegt til að seinka framkvæmdum.



Ljósm. Mummi Lú / RÚV

Í allri umræðu um gervigras á keppnisvöllinn hefur alltaf verið álitaefni hvort völlurinn ætti að vera upphitaður eða ekki. Að sjálfsögðu myndu allir vilja hafa völlinn upphitaðan en margir metið kostnaðinn við slíkt nánast óyfirstíganlegan. Þegar lá fyrir að leggja ætti gervigras á keppnisvöllinn komu strax upp raddir um að óskynsamlegt væri að leggja í allan þennan kostnað án þess að gera ráð fyrir hitalögnum strax í upphafi. Ef síðar finndist leið til að hita völlinn með hagkvæmum hætti þá þyrfti ekki að rífa hann upp með tilheyrandi kostnaði ef lagnirnar væru til staðar. Eftir talsvert þref varð niðurstaðan sú, að bæjaryfirvöld veittu knattspyrnudeild Vestra styrk að fjárhæð 4,8 m.kr. vegna kaupa á 30 þús. metrum af hitalögnum fyrir Torfnesvöll. Innkaup, flutningskostnaður, niðurlögn og annar kostnaður sem af þessu hlýst tekur Vestri á sig. Þegar upp er staðið skiptir mestu máli að þessi mikilvæga framkvæmd, gervigras á báða knattspyrnuvellina, er orðin að veruleika og framundan nýr kafli í knattspyrnusögu svæðisins. Ekkert er fullkomlega fullkomið og alltaf hægt að bæta það sem fyrir er. Það þekkjum við og að því markmiðið munum við vinna áfram.

### OG ÞEGAR ÞAÐ TEKST ...

Þegar litið er yfir árið 2023 hjá Vestra þá er ekki annað hægt en að vera sáttur. Deildirnar sinna sínum verkefnum vel og af fagmennsku. Þetta þó langt frá því að vera rómantísk sigling á lygnum sjó, eins og við vitum mætavel sem höfum verið lengi í þessu. Á hverjum degi eru einhver mál sem þarf að tækla, sum praktísk og auðleysanleg, önnur mannleg og erfiðari viðureignar. Stundum líður okkur eins og við séum um borð í bát þar sem enginn rær í sömu átt, stundum finnst okkur við bara andæfa og stundum er mótvindurinn svo mikill að við erum við það að gefast upp. En við þekkjum líka tilfinninguna sem við upplifum þegar allir leggjast á árarnar og róa í sömu átt. Allir hafa sama markmið, að ná höfn, að árangri, að ná sigri. Og þegar það tekst þá hefur allt þetta streð einhvern tilgang og manni líður eins og maður hafi náð að afreka eitthvað í lífinu. En aðeins um stund því fljótegla þarf að hrinda fram bátnum á ný og fara með sjóferðabæn enn eina ferðina.

Þegar ég, sem formaður Vestra, lít yfir árið 2023 þá eru nokkur atvik mér minnisstæðari en önnur. Vil ég þar byrja á að nefna að í fyrsta sinn var keppandi frá Vestra, Guðrún Helga Sigurðardóttir,



á meðal þátttakenda á lyftingamóti sem haldið var af Lyftingesambandi Íslands. Þá var sérstaklega ánægjulegt að Knattspyrnusamband Íslands skyldi halda ársþing sitt á Ísafirði í febrúar og þá enn frekar að við það tækifærni var okkar maður, Jóhann Króknes Torfason, sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ og heiðurskrossi KSÍ fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu íslenskrar knattspyrnu og annarra starfa í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Ofarlega í huga er sú erfiða staða sem félagar okkar í Grindavík hafa verið í frá því að fyrsta eldgosið hófst þar þann 18. desember 2023. Það er þyngra en tárum taki að fylgjast með skaðanum sem eldgosin hafa valdið á þessu öfluga bæjarfélagi. Þau hafa kostað mannslíf, gríðarlegt eignartjón, kippt fótunum undan atvinnulífinu og samfélagið er að liðast í sundur. Algjör óvissa er um framtíðina og margir hafa ákveðið að það sé engin framtíð þarna. Það er átakanlegt að lesa yfirlýsingu knattspyrnudeildar UMGF, sem gefin var út fyrir stuttu, þar sem greint er frá því að yngri flokkar verði aflagðir frá og með 1. maí næstkomandi. Það vill enginn vera í þessari stöðu.

Að lokum vil ég nefna úrlitaleikinn á Laugardalsvelli

30. september þar sem Vestri bar sigur af Aftureldingu í framlengdum leik og tryggði sér sæti í Bestu deildinni. Það er þó ekki leikurinn sjálfur sem er mér efst í huga heldur stemmningin í kringum hann. Tæplega 3000 áhorfendur mættu á völlinn og stór hluti þeirra stuðningsmenn Vestra. Og af því að ég hef gert það að vana mínum að tala um Vestrahjartað í skýrslu stjórnar þá verð ég að segja að Vestrahjartað hefur aldrei verið stærra en það var þennan dag og ólysanleg tilfinning að sjá fjöldann sem sameinaðist í stuðningi við félagið okkar.

Samstarfsfólki í aðalstjórn færí ég þakkir fyrir gott samstarf og sömuleiðis stjórnarmönnum deilda og öllum þeim sem koma að starfi Vestra með einum eða öðrum hætti. Styrktaraðilar og stuðningsmenn Vestra fá þakkir fyrir að styðja við og standa með félagini í bliðu og stríðu. Takk allt Vestrafólk, ykkar framlag er ómetanlegt.

## Áfram Vestri!

Fyrir hönd aðalstjórnar Vestra  
Guðfinna Hreiðarsdóttir, formaður

# HJÓLREIÐADEILD VESTRA



## Skýrsla stjórnar hjólreiðadeildar Vestra fyrir árið 2023

Stjórn deildarinnar skipuðu Viðar Kristinsson, formaður, Edda María Hagalín, gjaldkeri og Atli Þór Jakobsson, ritari. Varamenn eru Nanný Arna Guðmundsdóttir og Ívar Már Svanbergsson. Á síðasta aðalfundi urðu þær breytingar á stjórn að Sigurður A. Jónsson, Heiða Jónsdóttir og Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir fóru öll úr stjórn.

Skráðir félagar eru 59 talsins, 29 fullorðnir og 30 börn skv. Sportabler sem deildin byrjaði að nota á árinu og er enn unnið að innleiðingu kerfisins. Félagsgjöldin eru 5000 kr. fyrir félagsmenn eldri en 18 ára.

### STARFSEMI DEILDARINNAR

Þegar ég tók við sem nýr formaður byrjaði ég á að kynna mér innviði deildarinnar og störf fyrri stjórnar. Tók ég við góðu búi, fjárhagurinn var mjög góður þannig að nýja stjórnin þurfti ekki að hafa áhyggjur af því. Ég setti mér nokkur markmið: Að koma þjálfaramálum af stað, undirbúa Enduro Ísafjörður 2023 og að efla félagsstarfið með viðburðum og hjóladögum.

Haldin var kynningar-/félagsfundur hjá The Fjord Hub og Cycling Westfjords þar sem Tyler kynnti verkstæðið og starfsemi sína. Halldóra Nordahl kynnti fyrir okkur Cycling Westfjords keppnina.

Vestri Hjól stóð fyrir 17. júní Hjólafjör þar sem félagsmenn tóku á móti hjólurum á Hjólgarðinum, kynntu starfsemi hjólreiðadeildarinnar og skutluðu hjólurum upp í fjall. Þá var Fjallakofinn/The Fjord Hub með kynningu á Rocky Mountain hjólum.

Snorri Einarsson var með götuhjólanámskeið í maí og júni.

Í maí auglýstum við eftir hjólaþjálfara fyrir alla aldurhópa. Engar umsóknir bárust þannig að ekkert varð úr þjálfaramálum það sumar. Það stendur hins vegar til bóta á komandi sumri.

### FRAMKVÆMDIR

Ekki var farið í stórar slóðaframkvæmdir síðasta sumar. Við erum að búa til slóða á framkvæmdaleyfi sem þarf að endurnýja. Við lengdum Skíðaheima alla leið niður að vegi og er leiðin beintengd við Biden. Smíðuðum brú og mokuðum í batta og palla. Barði gröfukall kom og mokaði fyrir okkur.

Hjólagarðurinn, Bike Park. Þar var bætt við þremur dropum og stórum stökkpalli auk þess að smiða grindverk meðfram brautinni. Skreyttum félagsaðstöðuna okkar, endurskipulögðum og endurinnréttuðum húsnaðið. Bættum við bekkjum, borðum og skiltum. Er Hjólagarðurinn í stöðugri þróun og vinnslu. Núna eru komnar hugmyndir að næstu skrefum fyrir parkið og markmiðið að gera það að miðpunktí hjólamennsku á Ísafirði.

Félagið keypti hjólakerru af gerðinni Huckwagon sem tekur 12 hjól. Er þetta innflutt kerra frá Kanada og var hún í notkun hjá The Bike Farm. Kostaði hún 700.000 kr. og fékkst búnaðarstyrkur frá HSV upp á 250.000 kr. til þessara kaupa. Stjórnin var ádur byrjuð að smiða kerru og búið að kaupa Thule hjólaufestingar til að setja á hana. Hætt var við það verkefni eftir að nýja kerran kom. Gamla kerran er notuð á stórum hjóladögum.

Strax eftir aðalfund fór stjórnin í að greiðar úr óafgreiddum styrkjamálum. Var þar efst á lista stór styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða þar sem hjólreiðadeildin var með samning upp á 4.500.000 kr., ætlaðar til merkingar á hjólaslóðum. Verkefnið fór í gang síðastliðið haust og var Ágúst Atlason fenginn til að vinna verkefnið, hanna merkingar og útfærslu á þeim. Við sameinuðum verkefnið öðrum útistandandi styrk frá Vestfjarðastofu sem ætlaður var í gerð heimasíðu og efnis til markaðssetningar. Verkefnið er komið vel á veg og hægt að kynna sér það á eftirfarandi vefsloð: [www.mtbisafjordur.is](http://www.mtbisafjordur.is).



## MÓTAHALD

Undirbúningur fyrir Enduro Ísafjörður og Ungdúro var fyrirferðamikill yfir sumarið. Enduro Ísafjörður 2023 fór fram eins og vanalega. Við byrjuðum undirbúning mjög snemma og gekk keppnishaldið mjög vel, þökk sé góðu skipulagi. Getum við verið mjög stolt af framkvæmd mótsins og hversu vel það tókst. Veðrið lék við okkur, brautir voru vel merktar og hátíðarhöldin góð. Við létum prenta húfur sem við gáfum hverjum þeim sem lenti á palli í Enduro og öllum þáttakendum í Ungdúro.

## KEPPENDUR VESTRA HJÓL ÁRIÐ 2023

- Þorgils Óttarr Erlingsson, Master 35+
- Atli Þór Jakobsson, Master 35+
- Aron Svanbjörnsson, E-MTB
- Grettir Yngvason, B-flokkur
- Adrián Uni Þorgilsson, U11 Númi U11
- Ísar Logi Ágústsson, U15
- Aron Ýmir Ívarsson, U15
- Sara Matthildur Ívars dóttir, U11

## STYRKARADILAR HJÓLREIÐADEILD VESTRA 2023

- HG
- Jakob Valgeir
- Gústi Production
- Borea Adventure
- The Fjord Hub
- Fjallakofinn
- Steypustöð Ísafjarðar
- Hamraborg
- Púkinn verslun

Styrktaraðilar og aðrir velunnarar fá miklar þakkir fyrir veittan stuðning og aðstoð á árinu.

Ég vill að lokum þakka samstarfsfólkini mínu í stjórn og félagsmönnum fyrir mjög gott og skemmtilegt fyrsta ár mitt sem formaður.

### Fyrir hönd stjórnar hrd. Vestra

Viðar Kristinsson, formaður

# KÖRFUKNATTLLEIKSDEILD VESTRA



## Skýrsla stjórnar

Á síðasta aðalfundi KKD. Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn: Neil Shiran Þórisson var kjörinn formaður, Baldur Ingi Jónasson var kjörinn gjaldkeri, Jakob Tryggvason var kjörinn ritari, varamenn í stjórn voru Þórir Guðmundsson og Heiðrún Tryggvadóttir.

Á aðalfundinum voru samþykktar breytingar á reglugerð fyrir deildina þar sem fækkað var í stjórn og skerpt á getu stjórnar til þess að skipa nefndir og ráð til þess sjá um mikilvæg verkefni innan deildarinnar. Gott dæmi er barna- og unglingsaráð sem hefur staðið sig með stakri prýði sökum elju og dugsemi þeirra foreldra sem eru í kringum félagsstarfið. Ljóst er þó að sjálfboðaliðum fer fækkandi og er það áhyggjuefni fyrir framtíðarrekstur deildarinnar.

Mál voru unnin fyrst og fremst í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla auk samþættingu elsta hóps yngri iðkenda og meistaraflokks karla. Stjórn réð Allysson Caggio til starfa sem framkvæmdastjóra félagsins sem var mikil og góð breyting í starfi félagsins.

Aðhalðs var gætt í rekstri eftir fremsta megni. Hins vegar varð fljótt ljóst að það yrði samdráttur í styrkjum til deildarinnar enda starfar hún á litlu markaðssvæði þar sem mörg framúrskarandi samfélagsverkefni eru starfrækt af miklum metnaði sem flest öll sækja styrki til sömu bakhjarlanna. Félagsstarf eins og rekstur KKD Vestra er í sjálfu sér ekki sjálfbær og reiðir sig alfaríð á styrktartekjur

til þess að halda úti metnaðarfullu starfi. Bakhjarlar KKD Vestra eru lykilfyrirtæki á svæðinu og hafa þau sýnt breytingum í rekstri og stefnu mikinn skilning. Það hefur verið hluti af stefnu félagsins að allir íbúar geti komið á leiki félagsins og hefur því verið frítt inn á leiki deildarinnar, að undanskildum þeim leikjum þar sem boðið hefur verið upp á frjáls framlög til styrktar barna- og unglingsstarfi deildarinnar. Það hefur verið ánægjulegt að sjá 100-200 manns, og þá jafnvel í miðri viku, koma til að horfa á meistarafloksleiki félagsins. Á útileikjum hafa brotfluttir Ísfirðingar og fyrrum leikmenn fjlömennt og verið meirihluti áhorfenda.

Stefna körfuknattleiksdeildarinnar var að byggja áfram á einstaklingum uppaldir hjá deildinni. Við þann hóp bættist Sigurður Þorsteinsson sem eftir margra ára atvinnumennsku sneri aftur á heimaslöðir til að klára ferilinn og miðla af reynslu sinni til yngri leikmanna. Hann var því afar góð viðbót í ungt lið meistaraflokks karla sem hentaði hugmyndafræði félagsins vel.

Ekki hefur verið mannskapur til að halda úti meistaraflokk kvenna en ljóst er að stutt er í þann aldurshóp sem kemur til með að geta verið keppnishæft í meistaraflokk kvenna.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá elstu iðkendur úr barna- og unglingsstarfi félagsins þroskast sem íþróttamenn og einstaklingar og framtíðin er sannarlega björt..

## MEISTARAFLOKKUR KARLA

Leikmannahópur meistaraflokks taldi að jafnaði 10–12 leikmenn. Liðið æfði eins og áður í íþróttahúsinu á Torfnesi, Ísafirði og í íþróttahúsinu í Bolungavík. Pétur Már Sigurðsson var þjálfari liðsins.

Að deildarkeppni lokinni endaði liðið í efsta sæti í annarri deild. Þegar þetta er skrifað þá er liðið á leið í úrslitakeppni í annarri deild.

**Eftirtaldir voru í meistaraflokkshópnum á tíma-bilinu 2023-2024. Leikmannalistinn ber þessi merki að mikil sambætting er við unglingsastarf félagsins:**

- Sigurður Gunnar Þorsteinsson
- Blessed Parilla
- James Parilla
- Elmar Baldursson
- Birgir Örn Birgisson einnig þjálfari 8 flokks
- Frosti Gunnarsson  
lék einnig með 12. flokki

- Magnús Birgison  
lék einnig með 12. flokki
- Hjálmar Helgi Jakobsson  
lék einnig með 12. flokki
- Sigurður Darri Pétursson  
lék einnig með 12. flokki
- Jón Gunnar Shiransson  
lék einnig með 12. flokki
- Haukur Fjölnisson  
lék einnig með 12. flokki
- Jonathan Braeger,  
leikmaður meistaraflokks og þjálfari 12 flokks.
- Þorleifur Ingólfsson
- Gunnlaugur Gunnlaugsson og Krzysztof Duda voru í æfingahópi en vegna anna gáfu þeir ekki kosta á sér sem reglulegir leikmenn í meistaraflokk félagsins.

Leikmönnum og þjálfurum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag á árinu.

**Fyrir hönd stjórnar kkd Vestra**

*Neil Shiran Þórisson*



## Yngri flokkar kfd. Vestra

Stjórn barna- og unglingsaráðs kfd. Vestra (BUR) tímabilið 2023-2024 skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður, Hanna Mjöll Ólafsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, Halldór Karl Valsson, Guðrún Kristín Bjarnadóttir og Magdalena Margrét Sigurðardóttir. Guðfinna Hreiðarsdóttir fór úr stjórn og hætti sem gjaldkeri haustið 2023 og tók Hanna Mjöll þá við gjaldkerastarfina.

### ÆFINGAHÓPAR YNGRI FLOKKA KKD. VESTRA

Allyson Caggio eryfirþjálfaribarna-og unglingastarfs kfd. Vestra. Var æfingahópum fækkað og nokkrir hópar sameinaðir.

#### Eftifarandi æfingahópar voru í vetur:

- Krílakarfan (f. 2018-2019), þjálfari var Shiran Pórisson og æfðu þau einu sinni í viku.
- 1.-2. bekkur (f. 2016-2017), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau tvívar sinnum í viku. Jón Gunnar Shiransson aðstoðaði við þjálfun í þessum flokki.
- 3.-4. bekkur (f. 2014-2015), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau þrisvar sinnum í viku. Jón Gunnar Shiransson aðstoðaði við þjálfun í þessum flokki.
- Minnibolti drengja (f. 2011- 2012), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þeir þrisvar sinnum í viku.
- 8. flokkur stúlkna (f. 2010), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fjórum sinnum í viku.
- 8. flokkur drengja (f. 2010), þjálfari var Birgir Örn Birgisson og æfðu þeir fjórum sinnum í viku.
- 9. - 12. flokkur stúlkna (f. 2006 -2009), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fimm sinnum í viku.
- 12. flokkur drengja (f. 2006 -2009), þjálfari var

Jonathan Braeger og æfðu þeir fimm sinnum í viku.

Sex lið töku þátt í Íslandsmóti í vetur.

Haldin voru tvö fjölliðamót fyrir 8. flokk drengja á tímabilinu ásamt stóru minniboltamóti í apríl. Þar kom þó aðeins 1/3 af þeim liðum sem áttu að koma og varð því mun minna úr mótinu en gert var ráð fyrir. Veðurspá spilaði stóran þátt í því ásamt því að fyrirkomulagið hentaði ekki öllum liðum í kjölfar þess að mótinu var breytt til þess að tryggja að öll félög kæmum til síns heima eftir mótið. Einnig fengum við úthlutað fjölliðamóti fyrir 7. flokk stúlkna en öll liðin hættu við að koma daginn fyrir mótið vegna þess að það átti að vera örliðið hvasst á leiðinni. Veðrið var hins vegar með besta móti og var þetta því ansi svekkjandi.





Iðkendur okkar í 1.- 4. bekk tóku þátt í einu móti í vetur en það var Nettó mótið sem haldið er í Keflavík og Njarðvík í mars. Þar sendum við þrjú lið til leiks. Einnig spiluðu tveir drengir úr Vestra með liði Ármanns á Jólamóti Vals.

Handbók yngri flokka körfuknattleiksdeilda Vestra er í smiðum og bindum við vonir við að hún verði tilbúin fyrir næsta tímabil. Handbókin mun vera leiðarvísir deildarinnar í þjálfun iðkenda okkar og að öllu starfinu.

## FJÁRAFLANIR OG STYRKIR

BUR hefur undanfarin ár mannað sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks og var engin breyting þar á í vetur. Farið var í sölu á kjöti, grænmeti og konudagsblómum. Þessar fjáraflanir lukkuðust vel. Allur ágóði fór í ferðasjóð iðkenda okkar. Í ferðasjóðinn kom einnig árlegt framlag frá ferðasjóði ÍSÍ. BUR niðurgreiddi hverja ferð um 5.000 kr fyrir hvern iðkanda þetta tímabilið.

Körfuboltabúðir Vestra voru áttu að vera á dagskrá 6.-11. júní 2023 en vegna dræmrar skráningar var

ákveðið að blása þær af. Nú er þó undirbúningur í fullum gangi fyrir Körfuboltabúðir Vestra með James Purchin sem áætlað er að halda í júní. Þær verða tölувart minni í sniðum en Körfuboltabúðir Vestra hafa verið undanfarin ár.

Íþróttasjóður og styrktarsjóður UMFÍ eru sjóðir sem við höfum reglulega fengið úthlutað úr. Einnig fengum við styrk frá Orkubúi Vestfjarða til búnaðarkaupa. Við fengum styrki úr ýmsum öðrum áttum og erum gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fundið fyrir.

Á skírdag héldum við kökubasar og vorum með opið kaffihús í íþróttarhúsini á Torfnesi þegar páskaeggjamót Vestra var haldið.

Elstu tveir hóparnir okkar hafa fjáraflað grimmt í vetur til þess að safna fyrir utanlandsferð. Nú er búið að ákveða að fara með alla þá iðkendur sem eru í 9. flokki og eldri til Gautaborgar á körfuboltamót í maí. Mikil spenna er fyrir ferðinni og hafa þau verið dugleg að safna styrkjum, s.s. með því að þrífa bíla, flytja búslóðir og fyrirtæki ásamt því að hafa kökubasar svo eitthvað sé nefnt.





... fyrir festsistri tilagsliða, lék heima attspyrnu, handknattleik og lagssvæði. Íþróttahúsið var riðra mannvíja hófst.



## FJÁRFESTINGAR

Á liðnu tímabili tók stjórn BUR ákvörðun um að kaupa skotvél, sem hefur verið draumur í mörg ár. Keypt var skotvél frá DR. Dish sem framleiða einu vélarnar sem eru gæðavottaðar af FIBA. Vélin var sett upp á Torfnesi á Ísafirði. Kaupin gengu vel og náðum við að fjármagna fyrstu vélina með styrkjum. Einnig höfðum við safnað fjármunum í nokkur ár inn á sérstaka bók eyrnamerkta kaupum á svona vél. Þegar fyrsta vélin var komin sáum við fram á að geta keypt aðra. Það var gert í byrjun árs 2024 og var hún sett upp í Bolungarvík. Sú vél var einnig fjármögnuð með styrkjum. Það er ekki hægt að nefna þessi kaup nema þakka Pólnum ehf. innilega fyrir þeirra framlag til kaupanna. Póllinn ehf. flutti vélarnar inn fyrir okkur þar sem fyrirtæki þurfti að vera á bakvið kaupin. Það var auðsótt að fá Sævar Óskarsson til þess að aðstoða okkur við það.

## AÐ LOKUM

Nú er yfirstandandi körfuknattleikstímabil senn á enda. Hefur það að mestu leyti gengið vel og höfum við séð miklar bætingar í mörgum hópum hjá okkur.

Það er mín skoðun að með því að hafa yfirþjálfara sé starfið allt mun faglegra og munum við græða mikið á því þegar fram líða stundir. Ég vill þakka stjórn barna- og unglingsaráðs fyrir samstarfið á liðnu tímabili. Einnig vil ég þakka foreldrum fyrir góð samskipti og mikinn vilja til að vinna vel að starfinu okkar.

**Fyrir hönd barna- og unglingsaráðs kkd. Vestra**  
Þórir Guðmundsson, formaður

# KNATTSPYRNUDEILD VESTRA



## Skýrsla stjórnar meistaraflokkssráðs starfsárið 2023

### Í stjórn voru:

- Samúel Samúelsson formaður
- Daði Valgeir Jakobsson varaform.
- Ívar Pétursson gjaldkeri
- Jón Hálfðán Pétursson meðstjórnandi
- Sindri Snæfells Kristinsson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4 sinnum í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudagam, en um sumarið var fundað 4-6 sinnum í mánuði. Félagið lék í Lengjudeildinni tímabilið 2023 og kepti í áttunda sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ. Tímabilið einkenndist af miklu aðstöðuleysi knattspyrnu á Vestfjörðum, líkt og áður.

### NÓVEMBER 2022 - FEBRÚAR 2023

Davíð Smári Lamude var ráðinn aðalþjálfari og Daniel Badu með honum sem aðstoðarþjálfari. Brenton Muhammad var ráðinn markmannsþjálfari. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík frá byrjun janúar, og báru þær æfingar merki um hið mikla aðstöðuleysi.

### FEBRÚAR 2023 - APRÍL 2023

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og spilaði fimm leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði fjórum leikjum. Liðið fór í 10 daga æfingaferð til Spánar í byrjun apríl. Liðið datt út úr bikarkeppni KSÍ strax í 2. umferð á móti Gróttu.

### MAÍ 2023 - SEPTEMBER 2023

LLiðið spilaði 22 leiki í Lengjudeildinni, vann 11 leiki, gerði 6 jafntefli og tapaði 5 leikjum. Liðið endaði í 4. sæti Lengjudeildarinnar og tryggði sér þar með sæti í umspili Lengjudeildarinnar, en spilað var með breyttu fyrirkomulagi þetta tímabil.





Liðið spilaði svo úrslitaleik gegn Aftureldingu á Laugardalsvelli í lok september. Leikurinn vannst 1-0 eftir framlengingu og tryggði Vestri sér sæti í Bestudeildinni tímabilið 2024.

## OKTÓBER 2023 – DESEMBER 2023

Davíð Smári Lamude var áfram aðalþjálfari og Daniel Badu með honum sem aðstoðarþjálfari. Brenton Muhammad létt af störfum sem markmannspjálfari og við af honum tók Vladan Djogatovic.

### Leikmannahópur m.fl.kk Vestra 2023

- Benedikt V. Warén (2001)
- Daniel Osafo-Badu (1987)
- Elmar Atli Garðarsson (1997)
- Elvar Baldvinsson (1997)
- Fatai Adebawale Gbadamosi (1998)
- Grímur Andri Magnússon (2002)

- Guðmundur Arnar Svavarsson (2002)
- Guðmundur Páll Einarsson (2005)
- Gustav Kjeldsen (1999)
- Ibrahima Balde (1996)
- Ignacio Gil Echevarria (1993)
- Iker Hernandez Ezquerro (1994)
- Ívar Breki Helgason (2002)
- Marvin Darri Steinarsson (2001)
- Mikkel Elbæk Jakobsen (1999)
- Morten Ohlsen Hansen (1993)
- Ongun Deniz Yaldir (1994)
- Rafael Broetto Henrique (1990)
- Sergine Modou Fall (1993)
- Silas Dylan Songani (1989)
- Tarik Ibrahimagic (2001)
- Vladimir Tufegdzic (1991)

# Skýrsla stjórnar barna- og unglingaráðs 2023

Í stjórn sátu Jón Hálfán Pétursson formaður, Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg, Sigurbjörg Hallgrímsdóttir gjaldkeri, Eydís Flosadóttir ritari og Kristinn Ísa Árnarsson. Starfið gekk vel á starfsárinu og krakkarnir fóru á sín helstu sumarmót: Orkumót, TM-mót, N1-mót, Króksmót og Íslandsmót.

Iðkendum fjölgæði í fyrra og hefur sú fjölgun haldist nokkuð vel. Aukning hefur verið í yngstu stelpuflokkunum sem er virkilega ánægjulegt. Eins og áður er það svo að það hefur verið örлítíl deyfð yfir elstu hópunum og sást það vel þegar fótboltinn fór inn á parketið, þá varð brottfall hjá elstu iðkendum. Við sáum einnig að það sem var að gerast síðastliðinn vetur er þegar æfingar eru inni, þá velja eldri iðkendur innanhússíþróttir eða

skíðaíþróttir þar til að fótboltinn kemst aftur út. Við fögnum því svo sannarlega að iðkendur haldi sig við að stunda íþróttir, sama hvaða íþrótt það er, en í leiðinni þykir okkur miður að geta ekki boðið upp á almennilega æfingaaðstöðu yfir veturninn.

Það birti til síðastliðið haust þar sem að við fengum nýtt gervigras á æfingavölliinn. Það eitt og sér er gríðarlega mikilvægt en við höldum þó áfram í drauminn um að í framtíðinni verði byggt knattspyrnuhús á svæðinu. Það mun gera okkur kleift að æfa við samkeppnishæfar aðstæður yfir vetrartímann og um leið losnar um tíma í íþróttahúsunum fyrir aðrar íþróttagreinar.

Miklar breytingar urðu á þjálfarahópnum okkar þar





sem að tveir reynslumiklir þjálfarar hættu störfum. En við erum þó enn með góðan kjarna í fjórum þjálfurum sem haf langa reynslu að baki og mikla menntun í knattspyrnuþjálfun. Við réðum Heiðar Birnir Torleifsson sem yfirþjálfara í fullt starf og sinnir hann öllum málum tengdum starfsemi barna- og unglingsaráðs.

Félagið hefur stutt vel við bakið á þjálfurum þegar kemur að því að afla sér aukinnar menntunar í

þjálfunarfræðum. Síðastliðið haust fengum við inn unga þjálfara í bland við þá sem hafa verið lengi hjá okkur. Einnig höfum við verið að fá inn elstu iðkendur okkar sem aðstoðarþjálfara í þeim flokkum þar sem þess þarf. Það hefur gengið vel og lítum við svo á að með þessu séum við að efla okkar elstu iðkendur og mögulega kveikja áhuga þeirra á þjálfun.

Knattspyrnudeild Vestra tók upp samstarf við knattspyrnudeild Breiðablik. Samstarfið felst í því



að iðkendur Vestra geta sótt æfingar hjá Breiðablik og einnig geta iðkendur Breiðablik sótt æfingar hjá Vestra. Samstarfið felur einnig í sér þjálfaraskipti, en Jón Smári, þjálfari yngri flokka Breiðablik, gerðist þjálfari Vestra á meðan hann stundaði starfsnám í sjúkrabjálfun á HVEST síðastliðið haust

Áframhald varð á samstarfi Vestra og Harðar.

Fjárhagur barna- og unglingastarfs hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og engin breyting þar á. Þjálfarakostnaður hefur hækkað ár frá ári með hækandi launum og betri þjónustu. Með bættri aðstöðu síðastliðið haust tóku stjórn yngri flokka Vestra og yfirþjálfari ákvörðun um að fjölga æfingum

allra yngri flokka félagsins. Og með því æfa allir yngri flokkar Vestra til jafns við jafnaldra sína annars staðar á landinu.

Stjórn barna- og unglingaráðs vill þakka öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum fyrir árið. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi og uppbyggingu grásrótarinnar í knattspyrnu á svæðinu.

**Jón Hálfðán Pétursson**  
*formaður barna- og unglingaráðs  
knattspyrnudeildar Vestra.*

# BLAKDEILD VESTRA



# Skýrsla formanns

Árið 2023 verður óumdeilanlega að teljast besta starfsár blakdeild Vestra til þessa. Töluverð starfsemi í yngri flokkum félagsins og hjá meistaraflokkum félagsins voru áskoranirnar stærri en áður hafa sést. Þá var strandblak mikið stundað af kappi.

Það er því vel við hæfi að halda í þann góða sið að segja síðasta ár hafa verði það besta í sögu deildarinnar hingað til.

## IÐKENDUR

A síðasta ári urðu óverulegar breytingar á starfsemi félagsins og iðkendafjöldi í heildina nokkuð svipaður og árin á undan.

Í veturn hefur blakdeildin haldið úti æfingum, á Suðureyri, Ísafirði og í Bolungarvík, sem er sama og veturna á undan.

Stærstur hluti iðkenda, ungir sem aldnir, hafa verið hluti af okkar hóp í allnokkur ár og er sérstaklega ánægjulegt að sjá krakkana okkar yngja upp og efla meistaraflokkslíðin. Þá hafa nokkrir erlendir leikmenn verið hjá deildinni í veturn. Að meðtöldum þjálfaranum, þá hafa fimm erlendir leikmenn spilað með karlaliðinu í veturn: Juan og Antonio sem við fórum að telja sem heimamenn, Adrian sem kom fyrir síðasta tímabil og svo eru það Marcin og Sebastian sem komu til okkar síðasta haust. Þá hefur Mateusz Klóska verði á leikmannalistanum í veturn, þó svo að hann hafi nú ekki mætt á margar æfingar.

## ÞJÁLFARAMÁL

Haustið 2020 tók Juan Escalona við starfi aðalþjálfari blakdeilda Vestra. Auk þess að þjálfa allaflokkáblakir hanna leikmaður í úrvalsdeildarliði meistaraflokks karla og sannarlega betri en enginn.

Vorið 2023 var skrifað undir tveggja ára samning við Juan með endurskoðunarákvæði núna í vor.

Gagnkvæmur áhugi er hjá stjórn og Juan að hann verði áfram hjá félaginu en árangur hans sérstaklega með karlaliðin er hreint út sagt stórgóður.

## MEISTARAFLOKKAR

B-kvennalið Vestra keppir á yfirstandi tímabili í 4. deild Íslandsmóts kvenna en liðið fór upp á milli deilda fyrir tveimur árum. Þetta lið samanstendur aðallega af reynslumíklum blökkum en einnig nokkrum ungum og mjög efnilegum stelpum. Önnur deild og þær fyrir neðan er spiluð í túnneringum og eru þær þrjár yfir tímabilið. Eftir fyrstu tvær túnneringar tímabilsins 2022-2023 var lið Vestra í efsta sæti deildarinnar með 28 stig en á lokamótinu, þær sem spilað var til úrslita í efri hluta deildarinnar, vantaði einhvað upp á mannskapinn og liðið endaði í 6 sæti. Svipað var svo uppi á teningnum þetta tímabilið, liðið í næst efsta sæti eftir fyrstu tvær túnneringarnar og spilaði því til úrslita í efri hluta deildarinnar.

Haustið 2022 skráðum við B-lið í karlaflokki þær sem við höfum verið með mjög stóran hóp af ungum strákum. Það lið var skráð í 3. deild á síðasta tímabili og gerðu strákarnir sér lítið fyrir og unnu alla leikina í deildinni og töpuðu aðeins 3 hrinum. Voru þeir deildarmeistarar 3. deilda og hafa því spilað í 2. deild í veturn þær sem þeir staðið sig með sóma.

Vorið 2023 lauk meistaraflokkur karla sínu fjórða tímabil í úrvalsdeildinni í blaki. Í heildina er leikmannahópurinn um 18 manns, þær af er byrjunarliðið 7-8 leikmenn.

A síðasta tímabil endaði Vestri í 4. sæti deildarinnar og spilaði í 4 liða úrslitum tvo leiki við Hamar en báðir leikirnir töpuðust. Engu að síður verður það að teljast mjög góður árangur að enda í 3.-4. sæti úrvalsdeilda.

Karlalið Vestra komst einnig á úrslitahelgi Kjörísþikarsins 2023, sem er stærsti viðburður í blaki



á Íslandi ár hvert. Í fjögurra liða úrslitum spilaði Vestri á móti KA, sem Vestri vann frækilega 3-1, en varð svo að lúta í lægra haldi fyrir Hamri í úrslitaleiknum. Náði Hamar þeim stórgóða árangri að vinna bikarinn þriðja árið í röð. Engu að síður er 2. sæti Kjörísbikarnum mjög góð niðurstaða fyrir ekki stærri klúbb.

Nýtt tímabil hófst í lok september 2023 og fór þokkalega af stað hjá okkar mönnum en spilaðir voru 13 leikir fyrir áramót og unnust 7 af þeim.

## ÖLDUNGAFLOKKAR

Öldungablakið er komið aftur af stað og var haldið öldungamót sl vor, á Akureyri og Húsavík. Og þangað mættu karla og kvennalið frá okkur. Karlarnir mættu býsna sprækir, reyndar með einn úrvalsdeildarleikmenn með sér til fulltingis og gerðu þokkalegt mótt, spiluðu í 3. deild og enduðu um miðja deild.

Konurnar lento í aðeins erfiðari leikjum, spiluðu 6 leiki og unnu engan þeirra þannig að þær enduðu neðstar í sinni deild.

Öldungaflokkarnir eru mjög mikilvægir fyrir félagið, félagslega upp á stærð félagsins, út frá lýðheilsusjónarmiði og ekki síður fjárhagslega. Þarf

að finna leið til að efla þennan hóp aftur, sem lengi vel var kjölfestan í félaginu, en heldur hefur fækkað í honum síðustu ár.

## YNGRI FLOKKAR

Frá Vestra voru send lið á öll mótt sem þar sem hægt var að vera með fullskipuð lið og í einhverjum tilfellum voru einstaka leikmenn lánaðir til annarra liða til að fá spilatíma. Eitt mótt var haldið á Ísafirði og komu þar til leiks hátt í 170 blakiðkendur.

Bikarmót yngriflokka var haldið á Akureyri dagana 18.-19. febúar. Þangað mættu U20 piltar sem eru að verða reynsluboltar og enduðu í 2. sæti eftir æsispennandi úrslitaleik. Einnig var þar upprennandi U16 lið pulta sem varð í 4. sæti. Tvær U16 stúlkur spiluðu svo með Völsungi.

Íslandsmót U12 var haldið í Neskaupstað 13.-14. maí. Þar var Vestri með blandað lið U12. Annar hluti Íslandsmóts fyrir U16 og U14 var svo haldið á Ísafirði 20.-21. maí og átti Vestri þar lið U14 og U16 pilta. Sömu tvær stúlkur léku með Völsungi U16. Þetta mótt fyllti bæinn af ungum blökurum sem gistu í skólastofum bæði Gí og Mí og nærðu sig í mötuneyti Mí.



Íslandsmót í Mosfellsbæ fór svo fram 28.-29. október. Þar mættum við með iðkendur í U16 piltar, U14 stúlkur og U12 blandað. Að þessu sinni var aðeins einn leikamaður U16 stúlkna sem spilaði enn og aftur með Völsungi. Það er ekki alltaf ráðið við það þegar skarast mótt og þorrablót 10. Bekkjar. Af þessari upptalingu má sjá að innan blakdeildarinnar eru öflugir krakkar og nokkuð bjart yfir framtíðinni.

### LANDSLIÐSMENN FÉLAGSINS

Nokkuð var um landsliðsverkefni á síðasta ári. Allstóku 8 af okkar krökkum þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2023. Kacper var valinn í hóp með U17 landsliðinu sem spilaði á Nevezamótinu í október. Sverrir Bjarki, Benedikt, Pétur Örn, Stanslaw og Hákon Ari voru valdir í U19 hópinn sem spilaði á öðru Nevezamóti, líka í október. Og þá voru þau Auður Líf, Hafsteinn



Már og Sverrir Bjarki valin í A-landsliðshópa sem spilaðu á Evrópumóti smáþjóða sem fram fór í júní. Þar gerði kvennalandsliðið sér lítið fyrir og vann til gullverðlauna og karlarnir unnu til bronsverðlauna. Ekki slæmt hjá nýliðanum Sverri að taka verðlaunapening í sínu fyrsta A-landsliðsverkefni.

### FJÁRHAGUR OG FJÁRAFLANIR

Fjárhagur félagsins hefur í mörg ár verið nokkuð sveiflukenndur en tap hefur verið á rekstrinum síðustu tvö ár. Reksturinn var hins vegar yfir núllinu á síðasta starfsári.

Ferðakostnaður keppnisiða er krefjandi viðfangsefni með fjölgun leikja í úrvalsdeild, auk kostnaðar vegna aðfluttra leikmanna. Áfram þarf að efla tekjustofna félagsins á komandi misserum en áform um að ná styrktarsamningum við fyrirtæki gengu þokkalega síðasta haust.

Mjög lítið hefur verið um hefðbundnar fjáraflanir síðasta árið enda er afrakstur af þeim ekki alltaf erfiðisins virði. Deildin hefur hinvegar verið með fjöruhreinsun í Skutulsfirði og hreinsun á Eyrinni í Skutulsfirði. Þá hefur deildin séð um slátt í

kirkjugarðinum í Hnífsdal. Nýr tekjupóstur rak á fjörur okkar síðustu tvö árin þegar karlaliðið komst á úrslitakeppni Kjörísbikarsins. Árið 2022 náðist að skrapa inn rúmar 400 þúsund krónur með sölu auglýsinga á viðburðinum og um 800 þúsund krónur árið 2023. En eins og úrslit þessa tímabils sýna, þá er ekki um mjög traustan tekjupóst að ræða.





## STRANDBLAK

Frá því að framkvæmdum lauk við strandblakvöllinn í Tungudal, hefur verið hægur stígandi í iðkun strandblaks í Skutulsfirði. Á síðasta sumri voru táníngarnir okkar duglegir að stunda sandinn og mættu á allnokkur stigamót í Íslandsmótaröðinni.

## LOKAORD

Égvillþakkafélagsmönnum fyrirstórkostlegtár 2023. Árangur ársins, ef hann er mældur út frá verðlaunum og sætum, er eftirtektarverður og verða 3.-4. sæti í úrvalsdeild og 2. sæti í Kjörísbikarkeppninni bara

að teljast fjári gott. Kvennaliðið endar í efri hluta 4. deildar og strákaliðið vinnur 3. deildina. Og átta landsliðsmenn úr okkar röðum á árinu.

Það er því ástæða til bjartsýni, spennandi áskoranir framundan og mikið af efnilegum iðkendum hjá félaginu. Hins vegar er komin upp sú staða hjá þeim sem þetta ritar, að tímabært er að snúa sér að öðrum verkum. Mun ég því ekki gefa kost á mér til áframhaldandi starfa fyrir blakdeild Vestra. Takk fyrir mig.

**Fyrir hönd stjórnar bd. Vestra**  
*Sigurður Hreinsson, formaður*

# **GILDI OG STEFNUR VESTRA**



# GILDI VESTRA



## Hlutverk Vestra

Hlutverk félagsins er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi.

Stjórnendur og aðstandendur Vestra íþróttafélags eru þess meðvitaðir að jafnhliða keppni og sigrum, þá er íþróttastarf uppeldisstarf. Þar eru iðkendum kenni gildi félagsins og þau viðhorf sem samfélagið vill halda á lofti. Félagið hefur sett sér gildi sem endurspegla það sem við viljum standa fyrir. Þau ungmenni sem eru í góðu líkamlegu formi, með sterka félagsfærni og gott hugarfar eru líkleg til að ná árangri í hverju sem þau taka sér fyrir hendur innan sem utan íþróttavallar.

### VIRÐING


Við berum **virðingu** fyrir félagi okkar, iðkendum, samherjum og mótherjum.

### GLEÐI

Við viljum leggja áherslu á að **gleði** endurspeglí starf félagsins. Skemmtilegur félagsskapur og jákvæð hvatning eru lykilatriði í starfi Vestra.

### METNAÐUR

Við höfum **metnað** fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Vestra að öflugu og heilbrigðu félagi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.





# SIÐAREGLUR VESTRA

Hlutverk siðareglina (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

## **Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:**

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
3. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
4. Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
5. Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
6. Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
7. Ekki reyna að hafa áhrif á störf þjálfara meðan á leik eða keppni stendur.
8. Lita á dómarann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
9. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum.
10. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
11. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.

## **Stjórnarmaður/starfsmaður:**

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnálmaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmynðar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
8. Hafðu hagkvæmni og löghlýðni í heiðri við rekstur félagsins.
9. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/ hópsiðum.
10. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda, sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
11. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni, eða vísa í eitthvað slíkt.
12. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.



### **Stuðningsmaður:**

1. Mundu að mikilvægast er að hvetja þitt lið áfram og hrósa þegar vel er gert. Stuðningsmenn eiga að hvetja og hrósa.
2. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðningsmanna sem og leikmanna og þjálfara.
3. Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, svo sem ölvun og ólæti. Mundu að þú ert mikilvæg fyrirmund félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
4. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og þjálfara liðsins.
5. Hlutverk stuðningsmannna er félaginiu mjög mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins utan vallar sem innan.

### **Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:**

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Þræta ekki eða deila við dómarann.
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólk félagsins, sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir.

### **Iðkandi (eldri) - Þú ættir að:**

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbýr.
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum.
4. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína.
5. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna leiksins.
6. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
8. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
9. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
10. Vera ávallt til fyrirmynnar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmund yngri i iðkenda.
11. Samþykka aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
12. Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.
13. Neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.



## Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka.
6. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
7. Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.
8. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
9. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varstu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
12. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjáfurum.
13. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
14. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.
15. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.
16. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
17. Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt.
18. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
19. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsiðum. Hverskyns einstaklings samtöl milli iðkenda og þjálfara á samfélagsmiðlum eru ekki æskileg.
20. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
21. Ekki vera með niðrandi athugasemdir um iðkanda, svo sem um holdafar, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir eða stjórnálaskoðanir iðkanda.
22. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja.
23. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
24. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
25. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
26. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
27. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynðar, bæði utan vallar og innan.



# FORVARNAR- STEFNA

## HSV



Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unglungum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiði betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið leitast eftir að hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélög innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímugjafa sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Héraðssambandið sett sér markmið.

### Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og ungligar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og ungligar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félög og deildir fræði börn og unglings um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendí þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.



# FYRIRMYNDIR

## HJÁ VESTRA



Vestri leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðrir þeir sem starfa með félagini séu iðkendum ávallt til fyrimyndar.

### Ég er fyrirmynd!

- Ég er stundvis. Ég gef mér tíma til að undirbúa æfingar, sækja bolta og önnur tæki fyrir iðkendur, ég kem upplýsingum til iðkenda og foreldra til skila á réttum tíma.
- Ég er Vestramaður, ég er klæddur Vestramerktum fatnaði á æfingum, mótum og öðrum uppákomum á vegum Vestra s.s. foreldrafundum.
- Ég kem fram af kurteisi við iðkendur, foreldra, mótherja og dómará á æfingum, í leikjum, á mótum og á fundum.
- Ég gæti orða minna og forðast niðrandi ummæli og ég gæti fordómaleysis í garð iðkenda, foreldra og mótherja.
- Ég tala ávallt tala vel um félagið og allar deildir þess en kem ábendingum um það sem betur má fara á framfæri til réttra aðila.
- Ef þjálfari verður var við einelti í garð iðkenda af hálfu annarra iðkenda, foreldra eða annarra þjálfara ber honum að skerast í leikinn og koma málínu til réttra aðila, barna og unglingsaráðs deildarinnar eða íþróttafulltrúa
- Ég hrósa, hvet og efli einstaklinginn, og kenni iðkendum að taka mótlæti og gagnrýni á uppbryggilegan hátt og með engum hætti brýt ég einstaklinginn niður og dreg úr sjálfstrausti hans.
- Þjálfari skal í samráði við deildir leitast við að kynna sér nýjungrar í þjálfun og efla og styrkja sig sem þjálfara.
- Ég neyti aldrei, tóbaks, áfengis né annarra vímuefna á leikjum, í mótum eða þar sem barnungir iðkendur Vestra eru.
- Ég er ein sterkasta fyrirmynd sem ungir krakkar hafa. **Ég er til fyrirmyndar.**



# JAFNRÉTTIS- STEFNA VESTRA



Það er stefna íþróttafélagsins Vestra að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félagini og fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti innan félagsins er ekki liðið.

Allir einstaklingar innan Vestra skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynþætti, kynhneigðar, aldurs, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, litarhætti, uppruna, efnahag, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Félagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

## Til að stuðla að jafnrétti innan félagsins leggur Vestri áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðinn.
- Að veita báðum kynjum jöfn tækifæri til æfinga. Ekki er gerður greinarmunur á drengja- og stúlknaflokkum við útdelingu æfingatíma og skulu bæði kyn njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Að allir iðkendur eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldrí. Nauðsynlegt er að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum.
- Að gerðar séu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokkra. Leitast sé eftir því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þjálfara og aðstoðarþjálfara hjá félagini.
- Að þjálfarar njóti sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Að umfjöllun um bæði kynin og íþróttareinrar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara.
- Að þess sé gætt við skipan í stjórn, ráð og nefndir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.
- Mikilvægi þess að öllum liði vel í leik og starfi innan félagsins og sá grundvallarréttur að fá að vera óáreittur sé virtur. Einelti innan félagsins er ekki liðið en lögð áhersla á jákvæð samskipti þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem fordóma gagnvart öðrum (s.s. vegna kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernis eða efnahags), hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins.

Jafnréttisstefna íþróttafélagsins Vestra nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. **Hún er endurskoðuð og lagfærð ef þurfa þykir.** Stjórn Vestra væntir þess að allir félagsmenn, ungir sem aldnir leggi sitt að mörkum til að jafnréttisstefna félagsins nái fram að ganga.

# ÁRSREIKNINGUR VESTRA

# Íþróttafélagið Vestri

2023

Samanlagðir ársreikningar aðalstjórnar og deilda

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna .....	2
Skýrsla endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5-6

## Skýrsla og undirritun stjórnar

Að áliði stjórnar Íþróttafélagsins Vestra koma fram í ársreikningi þessum allar þæ upplýsingar sem nauðsynlegar er til að glöggva sig á fjárhagsstöðu í árslok o rekstrararárangri ársins.

Ísafirði, 10. apríl 2024

Greta Þ. Þrídarsdóttir  
Heraðsþingssjónarprófessor Hlynur Þorsteinsson  
Lindsey Sigurðardóttir Hrönn Þyggjaðottir  
Fórum Íþróttarfélagið M. Skarð

## Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir hafa farið yfir reikninga félagsins og kynnt sér innistæður á bankareikningum og stöðu lánadrottna án athugasemda.

Ísafirði, 10. apríl 2024

R. Þ. R.  
Jódis B. Þalidóttir.  
Sigurður Ólafur Þórðarson  
Sigurður Ólafur Þórðarson  
Sigurður Ólafur Þórðarson  
Sigurður Ólafur Þórðarson

## Skýrsla endurskoðanda

---

Til stjórnar Íþróttafélagsins Vestra.

Við höfum aðstoðað við gerð samstæðuársreiknings ársins 2023 fyrir Íþróttafélagið Vestra. Ársreikningurinn er saminn eftir ársreikningum aðalstjórnar og deilda félagsins og hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórn og stjórnendur Íþróttafélagsins Vestra við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Samkvæmt lögum er stjórn ábyrg fyrir gerð reikningsskilanna. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn eða kannað hann og látum því ekki í ljós álit okkar á honum.

Ísafirði, 10. apríl 2024



**Bjarki Bjarnason**  
löggiltur endurskoðandi

Samstæða

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Framlög og styrkir .....	133.477.774	131.396.900
Ferðastyrkir .....	6.633.777	5.380.670
Lottó og getraunir .....	3.904.235	6.111.732
Tekjur af mótmum .....	4.375.033	2.516.505
Tekjur v/ æfingabúða ofl .....	0	1.468.178
Æfingagjöld .....	10.514.681	14.129.729
Fjáraflanir .....	28.115.376	12.229.906
Aðrar tekjur .....	13.181.985	12.882.448
	200.202.861	186.116.068
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og verktakagreiðslur .....	103.380.075	84.927.527
Félagaskipti og sala leikmanna .....	734.729	(2.244.921)
Búningar, áhöld og tæki .....	8.354.546	2.343.153
Ferða- og uppihaldskostnaður .....	52.089.054	48.379.119
Þátttaka í mótmum .....	9.870.843	5.310.897
Íbúðir og bílar .....	14.511.772	13.569.264
Rekstur skrifstofu .....	9.690.400	5.528.915
Kostnaður vegna fjáraflana .....	2.676.334	7.780.687
Annar kostnaður .....	3.480.234	1.137.623
	204.787.987	166.732.264
Rekstrarhagnaður (tap) án fjáreignatekna og fjármagnsgjalda ....	(4.585.126)	19.383.804
<b>Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>		
Vaxtatekjur .....	1.660.185	198.624
Vaxtagjöld .....	(828.321)	(1.169.341)
	831.864	(970.717)
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<b>(3.753.262)</b>	<b>18.413.087</b>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

Skýr. 31.12.2023 31.12.2022

### Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Leikmenn .....	3.500.000	1.600.000
Bifreiðar og tæki .....	1.728.500	508.000
Fastafjármunir	<b>5.228.500</b>	<b>2.108.000</b>

### Veltufjármunir:

Skammtímakröfur:

Birgðir .....	846.800	0
Viðskiptakröfur .....	7.052.826	16.231.074
Handbært fé .....	40.810.313	28.936.997
Veltufjármunir	<b>48.709.939</b>	<b>45.168.071</b>

Eignir samtals 53.938.439 47.276.071

## 31. desember 2023

---

### **Skuldir og eigið fé**

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé 1/1 .....	32.654.764	14.839.695	
Leiðrétt staða 1/1 .....	10.560.969	0	
Endurmat leikmanna .....	500.000	( 600.000)	
Afkoma ársins .....	( 4.625.595)	18.413.087	
	Eigið fé	39.090.138	32.652.782
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	5.132.847	1.739.126	
Viðskiptaskuldir .....	5.771.850	7.191.637	
Aðrar skammtímaskuldir .....	3.943.604	5.692.526	
	Skammtímaskuldir	14.848.301	14.623.289
	Skuldir samtals	14.848.301	14.623.289
	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>53.938.439</b>	<b>47.276.071</b>

